



# Akstursíþróttasamband Íslands

## Ársþing 9. mars 2024

Tólfta ársþing Akstursíþróttasambands Íslands, haldið í fundarsal B að Engjavegi 6 í Laugardal

### 1. Þingsetning

Tryggvi M Þórðarson formaður AKÍS (TMÞ) bauð viðstadda velkomna og setti þingið.

### 2. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

TMÞ stakk upp á Halldóri Jóhannssyni, Ingólfi Arnarsyni og Garðari Gunnarssyni. Var það samþykkt samhljóða.

### 3. Kosning þingforseta

TMÞ stakk upp á Hafsteini Pálssyni. Var það samþykkt samhljóða og tók Hafsteinn við stjórn þingsins.

### 4. Kosning þingritara

TMÞ stakk upp á Aðalsteini Símonarsyni, var það samþykkt samhljóða.

### 5. Ávarp gesta

Þingforseti flutti kveðju frá stjórn ÍSÍ ásamt því að segja frá því helsta sem er á döfinni hjá ÍSÍ.

Jafnframt notaði hann tækifærið og veitti Tryggva M Þórðarsyni gullmerki ÍSÍ fyrir langt og farsælt starf að akstursíþróttum.

### 6. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

TMÞ flutti skýrslu stjórnar:

*“Það má segja að keppnistímabil ársins 2023 hafi byrjað af fullum krafti strax eftir formannafund í nóvember 2022, en þá fór hermikappaksturinn af stað. Alls voru haldnar 62 akstursíþróttakeppnir og er hér um að ræða sambland af keppnum til Íslandsmeistara og bikarmeistara. Þá eru ótaldar æfingar, sýningar og greinar svo sem bíla- og Hávaðalimbó. 1174 keppnisskírteini voru gefin út á síðasta keppnistímabili, auk þess sem ellefu alþjóðleg keppnisskírteini voru gefin út - en meira um þau síðar í þessari skýrslu.*

*Vegna breytinga á skrifstofu sambandsins varð töf á námskeiðahaldi, en það fór af stað og eru nú til staðar fyrirlestrar fyrir keppnisstjóra og dómnefndir á netinu sem koma til með að verða uppfærðir eins og þurfa þykir. Þá geta áhugasamir horft á þessa fyrirlestra og síðan tekið próf í þeim. Þessi háttur hefur reynst vel undangengin tvö ár.*

*Stefna AKÍS er að vinna áfram að bættum vinnubrögðum og samræmdum vinnuferlum og það hefur sýnt sig að hvort tveggja er til bóta fyrir bæði keppnishaldara og keppendur.*

Tvö aðildarfélög AKÍS, KK og BÍKR, tóku þátt í Reykjavík International Games (RIG) 2023 og buðu uppá hermikappakstur og rally sprett. Áhugi aðildarfélaga AKÍS á þátttöku í RIG 2024 var enginn, svo ekki var keppt í akstursíþróttum þar.

Sumarið 2022 bætist við rallycross keppnisbraut hjá Bilaklúbbi Akureyrar og var hún aftur nýtt í ár. Það er von stjórnar að það hún muni nýtast um ókomin ár og reynast vel. Árið 2023 var í fyrsta sinn sem Alþjóða Ólympíunefndin (IOC) bauð upp á “ólympíuleika í hermi íþróttum”. Ekki voru allir sammála með hvaða íþróttir urðu fyrir valinu, eða bogfimi, hafnabolti, skák, hjólreiðar, dans, siglingar, skotfimi, taekwondo, tennis og akstursíþróttir. Í akstursíþróttum var keppt í Gran Turismo 7 eftir að Sony, eigandi leiksins, hafði samþykkt að allar þjóðir sem væru innan IOC gætu keppt. Þau lönd sem Sony hafði ekki gengið frá höfundarréttarmálum við var boðið að senda keppanda til Singapore sem myndi fara í sér undanúrslit þar, áður en að sjálfri keppninni kæmi. Önnur lönd, þar sem höfundarréttur var frágenginn, þurftu að ná lágmarki til að komast inn og komust aðeins 16 lönd inn. Við höldum lengst af að við værum að fara að senda fulltrúa til Singapore, en Sony gekk frá höfundarréttarmálum sínum við Ísland tveim dögum áður en skráning hófst og því þurftu okkar menn að ná tímalágmarkinu, sem ekki tókst.

Þó svo að ég hafi sagt hér áðan “ólympíuleika í hermi íþróttum”, þá var það svo að þessir leikar fengu nafnið Olympic Esports Series, en aðalástæða þess var styrktarsamningar sem sum samböndin höfðu, eins og Sony var ekki með sama bílaframleiðanda í GT7 eins og styrkir IOC.

Árið 2024 eru FIA Motorsport Games í Cordoba á Spáni, þar sem vonandi verða keppendur frá Íslandi. Það er hins vegar ekki gefið að taka þátt í þessum leikum og aðgengi okkar að fjármagni, miðað við stóru þjóðirnar, er lítið.

Vegna breytinga á reglubók FIA (International Sporting Code) þá varð jepparalið hluti af mótaröð sem Bowler og breska akstursíþróttasambandið stóðu fyrir. Mun sama fyrirkomulag verða í ár.

Á liðnu keppnistímabili voru krýndir þrjátíu Íslandsmeistarar í níu keppnisgreinum, sem er á svipað og verið hefur undanfarin ár. Við þetta bætast sjö Íslandsmeistaratitlar fyrir hlut mótörhjóla í spyrnugreinum þar sem keppt var eftir reglum AKÍS.

Í kjölfar síðasta ársþings hvarf Bergur Þorri Benjamínsson frá störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins. Stjórn ákvað að ráða starfsmann til að sjá um starfið og eftir nokkurt ferli kom Björgvin Jónsson til starfa þann 7. júní síðastliðinn og starfaði hann inn í desember síðastliðinn er hann lauk störfum.

Stjórn hefur verið að vinna að því með Fjármálaráðuneytinu að breyting verði gerð á vörugjöldum fyrir gokart. Það er okkur mikilvægt að þessir gokart og jafnvel crosskart bílar beri eins lítil gjöld og hægt er. Ekki fór það eins og við hefðum viljað þar sem aðeins varð niðurfelling á rafmagnsknúnum körtum og enginn munur gerður á innflutningi fyrir keppendur og leiksvæði.

Starfshópur sá sem var í gangi um fjölmiðlamál starfaði síðastliðinn vetur og skilaði af sér rétt fyrir formannafund. Ekki var samstaða um hvert framhaldið ætti að vera og því var óbreytt ástand á síðastliðnu keppnistímabili og því sem nú byrjar.

FIA hefur farið fram á að aðildarfélögin þess uppfylli ákveðna grunn umhverfisstefnu. Um leið og við skilum henni inni til FIA þá getum við átt von á því að endurskoðendur frá Ernst Young / Deloitte komi og taki út það sem við höfum sagst vera að gera. Þó margar af kröfunum séu tiltölulega einfaldar þá kallar þetta á samstarf við aðildarfélög okkar. Til dæmis þá þarf að vera:

- Úrgangsolíutankur á brautum
- Ógegndræpt undirlag þarf að vera undir bílum þegar verið er að gera við þá.

Það eru margir svona hlutir sem við þurfum að skoða og athuga í sameiningu. Eitt af því sem við þurfum að gera er að áætla CO2 fótspor akstursíprótta hérlendis.

Á stjórnarfundum þann 18. júlí 2023 var Jón Þór Jónsson og Kolbrún Vignisdóttir skipuð í vinnuhóp til að koma með hugleiðingar og tillögur um barna- og unglíngastarf / afreksstarf sem lagðar yrðu fyrir formannafund. Þessi umræða fellur vel að þeirri umræðu sem kemur nú frá ÍSÍ um afreksstarf. Með tilkomu Vésteins Hafsteinssonar sem afreksstjóra ÍSÍ í hálfu starfi þar og hálfu starf hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu hafa öll tók á afreksstarfi innan ÍSÍ tekin stakkaskiptum - eiginlega byltingu. Þó er það svo að þar er verið að skipuleggja til langs tíma og reiknað með að árangur fari að sjást 2025.

Með breyttum áherslum í afreksstarfi og hvernig unnið er að því þá er nauðsynlegt fyrir AKÍS byrja á grunninum, barna- og unglíngastarfi, þar sem það byggir traustan grunn fyrir afreksfólk í akstursípróttum hérlendis til að blómstra.

Á síðasta ári voru nokkrir keppendur sem kepptu nokkuð reglulega í Bretlandi í rally og síðan einn sem tók þátt í brautarkeppni FIA. Það var athyglisvert að geta borið saman árangur okkar fólks við árangur erlendra keppenda og verður að viðurkenna að við stóðum okkur vel þegar á heildina er litið. Ég held að það séu ekki margar þjóðir sem hafa sent tvenn systkin í sömu keppnina, en síðla síðasta ár kepptu þau Ásta og Daníel Sigurðarbörn og Jóhann Ingi og Heiða Karen Fylkisbörn í rally í Bretlandi. Það má til gamans geta þess að í dag þá eru fjórar íslenskar áhafnir að taka þátt í rallykeppni í Bretlandi og óskum við þeim góðs árangurs.

Það voru nokkrir sem skráðu sig í boðsmót í hermikappakstri sem haldin voru á Norðurlöndum og Úkraínu (sjálfstæðismót). Þar sem ekki þarf alþjóðleg keppnissskírteini fyrir hermikappakstur þá er fjöldinn sem tekur þátt í alþjóðlegum mótum í hermikappakstri nokkuð á reiki. Með ráðningu Vésteins og þeirri staðreynd að hann er beint undir ráðherra og ráðuneytisstjóra þá hefur hann möguleika á því að koma að ýmsum málum á þeim vettvangi, nægjanlega hátt í stjórnkerfinu til að hafa áhrif. Eftir viðræður þá hefur hann komið á framfæri við Ásmund Einar Daðason að það vanti reglugerð um akstursípróttir og lög um tryggingar í akstursípróttum. Þó svo að Ásmundur Einar fari ekki með málefni akstursíprótta, þá hefur hann aðgengi í þá samráðherra sína sem gera það. Þetta er á hreyfingu, en það hraðinn er ekki sá keppnishraði sem tíðkast yfirleitt í akstursípróttum, heldur er þetta hinn pólitíska hraði.

Á ársþingi AKÍS 2023 var ákveðið að veita ákveðnu fjármagni í styrki til aðildarfélaganna AKÍS, en ekkert varð úr því. Þeim lið er því haldið inni í fjárhagsáætlun næsta árs. Sjálfboðaliðar eru sá grunnur sem starf íprótta- og ungmennafélaga á Íslandi hefur byggt á gegnum árin. Nú hin seinni ár þá hefur orðið erfiðara að fá sjálfboðaliða til starfa og í nokkrum tilvikum þá þarf hreinlega að ráða starfsfólk til að sinna því sem sjálfboðaliðar sinntu áður. Þetta er, því miður, ekki sér íslenskt fyrirbæri, þetta er það sem heyrir frá flest öllum systur samböndum okkar. Þetta er einnig tónn sem við heyrum frá ípróttasamböndum innan ÍSÍ. Allt sem við getum gert til að hlúa að sjálfboðaliðum okkar ættum við að fá margfalt til baka.

Það eru ugglaustr mörg önnur mál sem mætti eða ætti að minnast á, en ég læt þetta nægja að sinni, en vil enda á því að þakka öllum aðildarfélögum, sjálfboðaliðum og ráðum og nefndum sem starfa innan AKÍS innilega fyrir allt það óeiginlega starf sem þið og ykkar fólk hefur unnið í þágu íslenskra akstursíprótta.

Þar sem ég hef ákveðið að stíga til hliðar sem formaður AKÍS á þessu ársþingi vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim sem ég hef unnið með á liðnu ári og vona og veit að AKÍS mun halda áfram í höndum sterkrar stjórnar sem kosin verður á þessu þingi. “

## 7. Reikningar AKÍS skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir

Reikningar ársins 2023, ásamt öðrum skjölum þingsins, voru aðgengilegir fyrir þingfulltrúa á lokuðu vefsvæði. Halldór Jóhannsson, gjaldkeri sambandsins, fór yfir helstu tölur og skýrði, en rekstrarhagnaður var uppá kr. 3.531.677 og eigið fé í árslok 2023 kr. 18.628.436.

530782-0189 Akstursiþróttasamband Íslands - Efnahags-/rekstrarreikningur		Keyrt:6.3.2024 20:34:53	
<b>Rekstrarreikningur 31.12.2023</b>			
	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Keppnisgjöld.....		12.700.651 kr	10.875.562 kr
- þ.a. hluti keppnishaldara.....		(10.796.900 kr)	(9.361.000 kr)
Umsagnargjöld.....		435.000 kr	391.500 kr
Lottótekjur.....		5.234.883 kr	6.217.274 kr
Útbreiðslustyrkur.....		3.953.709 kr	3.817.312 kr
Ríkisstyrkur.....		2.750.000 kr	2.750.000 kr
Afrestsstyrkir.....		787.500 kr	(0 kr)
<b>Samtals tekjur</b>		<b>15.064.843 kr</b>	<b>14.690.648 kr</b>
Laun og launatengd gjöld.....		7.258.003 kr	6.135.496 kr
Verktakalaun.....		0 kr	1.944.279 kr
Aðkeypt þjónusta.....		844.099 kr	396.567 kr
Afrestsstarf.....		151.785 kr	114.560 kr
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....		307.745 kr	518.979 kr
Húsaleiga.....		391.512 kr	355.968 kr
Ferðakostnaður dórnefnda.....		292.170 kr	550.251 kr
Ferðakostnaður innanlands.....		281.350 kr	305.905 kr
Ferðakostnaður erlendis.....		122.526 kr	1.101.106 kr
Rekstrarvörur.....		85.574 kr	185.584 kr
Lokahóf og viðurkenningar.....		943.970 kr	1.371.824 kr
Fundir.....		262.000 kr	282.560 kr
Banka- og kortabóknanir.....		169.941 kr	199.527 kr
Gjöld til FIA.....		1.031.787 kr	757.299 kr
Annar rekstrarkostnaður.....		0 kr	153.717 kr
<b>Samtals gjöld</b>		<b>12.142.462 kr</b>	<b>14.373.622 kr</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>2.922.381 kr</b>	<b>317.026 kr</b>
Vaxtatekjur.....		609.296 kr	17.792 kr
<b>Hagnaður/(Tap) ársins</b>		<b>3.531.677 kr</b>	<b>334.818 kr</b>

Akstursiþróttasamband Íslands Kt. 5307820189 - Rekstrarreikningur 31.12.2023

**Efnahagsreikningur 31.12.2023**

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Fastafjármunir</b>			
		0 kr	0 kr
<b>Veltufjármunir</b>			
Ísl staða.....		2.015.353 kr	2.212.217 kr
Viðskiptakröfur.....		108.500 kr	0 kr
Handbært fé.....		17.094.688 kr	13.873.319 kr
<b>Samtals eignir</b>		<b>19.218.541 kr</b>	<b>16.085.536 kr</b>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....		15.096.779 kr	14.761.961 kr
Hagnaður/(Tap) ársins.....		3.531.677 kr	334.818 kr
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>18.628.456 kr</b>	<b>15.096.779 kr</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir.....		590.085 kr	988.757 kr
<b>Samtals skammtímaskuldir</b>		<b>590.085 kr</b>	<b>988.757 kr</b>
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>		<b>19.218.541 kr</b>	<b>16.085.536 kr</b>

Akstursiþróttasamband Íslands Kt. 5307820189 - Efnahagsreikningur 31.12.2023

**8. Álit kjörbrefanefndar**

Halldór Jóhannsson fór yfir niðurstöður kjörbrefanefndar, en á þingið voru mættir fulltrúar með kjörbref frá 9 félögum, samtals 20 atkvæðabærir fulltrúar.

Skipting fulltrúa eftir félögum kemur fram í Viðauka 1 og skrá yfir nöfn þingfulltrúa í Viðauka 2.

**9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga**

Spurt var um hvort loforð frá 2021 um styrk hefði verið fært sem gjöld og því skuld í efnahagsreikningi en svo er ekki. Hvatt var til þess að í Reglum fyrir úthlutanir styrkja væri skýrt tilgreint hve lengi styrkloforð gilda.

Aðrar fyrirspurnir eða umræður urðu ekki um skýrslu stjórnar eða reikninga.

**10. Samþykkt reikninga**

Reikningar ársins 2023 voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

## 11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram, rædd og samþykkt

Jón Þór Jónsson fór yfir og skýrði fjárhagsáætlun ársins 2024 sem fráfarandi stjórn leggur fram, en hún gerir ráð fyrir tapi uppá 5,1 milljón króna.

FJÁRHAGSÁÆTLUN OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR							
	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
<b>Rekstrartekjur</b>							
Keppnisgjöld	2.300.000	1.903.751	2.100.000	1.514.562	700.000	702.268	1.000.000
Þóknun keppnishaldara							
Umsagnargjöld	450.000	435.000	400.000	391.500	400.000	431.730	350.000
Kærur og sektir	0		0	0	0	75.000	0
Lottótekjur	5.000.000	5.234.883	6.300.000	6.217.274	4.700.000	5.765.892	4.200.000
Útbreiðslustyrkur	3.700.000	3.953.709	3.500.000	3.817.312	2.700.000	3.596.078	2.250.000
Ríkisstyrkur	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000
Afreksjóður	1.000.000	787.500	787.500	0	0	0	0
Aðrar tekjur							
Erlendir styrkir							
Vaxtatekjur	600.000	609.296	500.000	17.792	0	4.638	0
<b>Samtals tekjur</b>	<b>15.800.000</b>	<b>15.674.139</b>	<b>16.337.500</b>	<b>14.708.440</b>	<b>11.250.000</b>	<b>13.325.606</b>	<b>10.550.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>							
	Áætlun 2024	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
Laun og ltengd gjöld auk verktakalauna	8.400.000	7.258.003	11.000.000	8.079.775	10.000.000	5.208.000	5.200.000
Heimildarvinna	0		0	0	150.000	0	150.000
Almennir styrkir til aðildarféлага	3.000.000		5.000.000	0	0	375.000	0
Styrkir til aðildarféлага vegna ungliðastarfs	2.000.000						
Námskeiðahald	300.000		300.000	0	300.000	107.850	500.000
Aðkeypt þjónusta	600.000	844.099	400.000	396.567	700.000	0	500.000
Afreksstarf	1.000.000	151.785	787.500	114.560	300.000	136.507	200.000
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	350.000	307.745	400.000	518.979	400.000	252.530	200.000
Húsaleiga	440.000	391.512	400.000	355.968	350.000	323.604	300.000
Ferðakostnaður dómnefnda	500.000	292.170	500.000	550.251	400.000	241.757	600.000
Ferðakostnaður innanlands	500.000	281.350	400.000	305.905	300.000	235.355	250.000
Ferðakostnaður erlendis	700.000	122.526	400.000	1.101.106	1.250.000	1.050.810	1.000.000
Rekstrarvörur	200.000	85.574	200.000	185.584	0	0	600.000
Lokahóf og viðurkenningar	1.200.000	943.970	1.200.000	1.371.824	1.100.000	389.861	150.000
Fundir (aðal og formannafundir)	300.000	262.000	300.000	282.560	200.000	107.476	350.000
Bankþóknarir	200.000	169.941	200.000	199.527	50.000	123.662	50.000
FIA árgjald	1.050.000	1.031.787	960.000	757.299	900.000	862.125	800.000
Annar rekstrarkostnaður	150.000	0	100.000	153.717	200.000	31.170	250.000
<b>Samtals gjöld</b>	<b>20.890.000</b>	<b>12.142.462</b>	<b>22.547.500</b>	<b>14.373.622</b>	<b>16.600.000</b>	<b>9.445.707</b>	<b>11.100.000</b>
<b>Rekstrarmiðurstaða</b>	<b>-5.090.000</b>	<b>3.531.677</b>	<b>-6.210.000</b>	<b>334.818</b>	<b>-5.350.000</b>	<b>3.879.899</b>	<b>-550.000</b>

Fjárhagsáætlunin var rædd lauslega og síðan samþykkt án athugasemda.

## 12. Afreksstefna lögð fram, rædd og samþykkt

Jón Þór Jónsson fór yfir gildandi afreksstefnu og ýmis mál tengd henni.

Rætt var um afreksstarf vítt og breytt, s.s. samþættingu þess við barna- og unglingsstarf, en mögulegt er að eiga samstarf við önnur íþróttafélög um almenn atriði eins og líkamsrækt, andlegan styrk o.fl. Fram kom ábending um að ekki hefði gengið vel undanfarin ár að fylgja fyrirheitum og hvatt til að sambandið leggjði aukna áherslu á afreksmál og markvisst starf fyrir ungmenni.

Fyrirliggjandi stefna var samþykkt samhljóða.

Matarhlé gert kl. 11.05 - 11.45.

Við byrjun þingstarfa eftir matarhlé gaf þingforseti Halldóri Jóhannssyni orðið. Sagði Halldór að kjörbréfanefnd lagði til að þingið samþykkti ný framlagt kjörbréf frá Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur og atkvæðabærir þingfulltrúar væru þar með orðnir 24. Var það samþykkt án andmæla.

### 13. Lagabreytingatillögur

Stjórn lagði fram tillögu að breytingu á lögum. Hún felur í sér að 5. grein laganna verði skipt upp í tvennt, 5. og 6. grein, og allar greinar þar á eftir endurnúmeraðar til samræmis:

Var	Verður
<p>5. grein Reikningsár AKÍS er almanaksárið.</p> <p>Sambandið skal fjármagnað með umsagnargjöldum, gjöldum af keppnisskírteinum, útgáfustarfsemi, framlagi ríkisins og tekjum af annarri þeirri starfsemi sem stjórn ákveður og fellur að markmiðum sambandsins.</p> <p>Stjórn AKÍS ákveður gjaldskrá.</p> <p>AKÍS og aðildarfélög þess eru eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi AKÍS og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af AKÍS. Þessi réttur nær meðal annars til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, (til dæmis í sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma), markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.</p> <p>Stjórn AKÍS skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.</p> <p>Ekkert félag hefur tilkall til hluta af sjóðum sambandsins, þótt það hverfi úr sambandinu eða því verði slitið. Félag innan sambandsins bera enga ábyrgð á skuldbindingum þess með öðru en gjöldum sínum til sambandsins.</p>	<p>5. grein Reikningsár AKÍS er almanaksárið.</p> <p>Sambandið skal fjármagnað með umsagnargjöldum, gjöldum af keppnisskírteinum, útgáfustarfsemi, framlagi ríkisins og tekjum af annarri þeirri starfsemi sem stjórn ákveður og fellur að markmiðum sambandsins.</p> <p>Stjórn AKÍS ákveður gjaldskrá.</p> <p>Ekkert félag hefur tilkall til hluta af sjóðum sambandsins, þótt það hverfi úr sambandinu eða því verði slitið. Félag innan sambandsins bera enga ábyrgð á skuldbindingum þess með öðru en gjöldum sínum til sambandsins.</p> <p><b>Ný 6. grein</b> AKÍS og aðildarfélög þess eru eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi AKÍS og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af AKÍS. Þessi réttur nær meðal annars til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, (til dæmis í sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma), markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.</p> <p>Stjórn AKÍS skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.</p>

Þingforseti lagði til að umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillöguna færi fram strax og komu ekki fram andmæli við því.

Engar umræður urðu um tillöguna, var hún því borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða. Löggin í heild voru síðan samþykkt samhljóða.

Breytt lög fara nú til framkvæmdastjórnar ÍSÍ til samþykktar og taka þá gildi.

### 14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

TMP kynnti breytingar sem til stendur að gera á eftirtöldum reglugerðum:

- Reglugerð um keppnisráð AKÍS,
- Reglugerð AKÍS um keppnishald,
- Reglur um kjör á akstursíþróttafólki ársins.

### 15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir

Ekkert lagt fram eða tekið fyrir.

### 16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál

Kosning um lagabreytingu fór fram undir lið 13.

## 17. Kosningar

### 17.a.1 Formaður

Jón Þór Jónsson var sá eini sem skilaði inn framboði til formanns. Var kjör hans staðfest með lófaklappi.

Þingforseti bar upp dagskrártillögu frá stjórn:

*“Með því að Jón Þór Jónsson hefur verið kjörinn formaður AKÍS, en hann var á síðasta ársþingi kjörinn til tveggja ára, þá er ljóst að það er laust eitt sæti í stjórn AKÍS sem kemur til endurkjörs á næsta ársþingi.*

*Með þessari dagskrártillögu er lagt til að næsti liður á dagskrá Ársþings AKÍS 2024 verði kjör eins fulltrúa í eitt ár, til að fylla sæti það sem Jón Þór hafði í stjórninni og aðeins þeim sem buðu sig fram til tveggja ára verði gefinn kostur á að bjóða sig fram. Þessi tillaga var samþykkt á stjórnarfundum AKÍS 5. mars síðastliðinn.”*

Tillagan var samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9.

### 17.a.2.1 Kosning eins stjórnarmanns til eins árs

Tveir aðilar gáfu kost á sér sem meðstjórnandi til eins árs og fór kosningin um þá þannig:

Páll Jónsson	12 atkvæði
Tryggvi M Þórðarson	12 atkvæði

Halldór Jóhannsson varpaði hlutkesti og vann Tryggvi og þar með sæti í stjórn til eins árs.

### 17.a.2.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Í framboði voru Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Baldvin Hansson, Halldór Hauksson, Hanna Rún Ragnarsdóttir og Páll Jónsson.

Flest atkvæði fengu

Baldvin Hansson	23 atkvæði,
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	15 atkvæði,
Páll Jónsson	11 atkvæði,

aðrir minna.

### 17.a.3 Kosning þriggja varamanna til eins árs

Í framboði voru Valdemar Johnsen, Halldór Hauksson og Hanna Rún Ragnarsdóttir.

Í kosningu um röð varamanna fékk Halldór flest atkvæði en Hanna Rún og Valdemar jafn mörg. Halldór Jóhannsson varpaði hlutkesti um hvort þeirra yrði annar varamaður og vann Valdemar það og Hanna því þriðji varamaður.

## 17.b Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Tillaga kom frá stjórn um Ingimund Helgason og Reyni Stefán Gylfason.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 17.c Kosning fulltrúa ÍSÍ þing

Næsta þing er ekki fyrr en í maí 2025 svo fulltrúi verður kosinn á ársþingi AKÍS 2025.

## 17.d Áfrýjunardómstóll

Stjórn lagði til að sömu aðilar og skipað hafa dómstólinn geri það áfram, en það eru Skúli Bjarnason hrl., Hannes J. Hafstein hdl., Þórhallur B. Jósefsson, Berglind Jónasardóttir og Árni Árnason.

Tillagan var samþykkt samhljóða.



## 18. Önnur mál

- TMB minntist í fáum orðum Karls Gunnlaugssonar, en hann lést fyrir skemmstu. Karl var lengi virkur í félagsmálum akstursíþróttá ásamt því að keppa innan lands og utan.
- Halldór Jóhannsson fékk orðið og þakkaði fyrir samstarfið, en hann hefur setið sem gjaldkeri í stjórn sambandsins s.l. tvö ár. Fékk hann lófaklapp að launum.
- Fyrirspurn barst um tilnefningar í nefndir á vegum FIA og hvernig stjórn sambandsins stóð að vali á tilnefndum aðilum. TMB svaraði fyrir málið.

## 19. Þingslit

Þingforseti gaf orðið nýkjörnum formanni, Jóni Þór Jónssyni. Jón kynnti sig og sinn bakgrunn ásamt því að tæpa á helstu málum sem hann hefur áhuga á að vinna að.

Um leið og þingforseti sleit þinginu þá þakkaði hann þingfulltrúum fyrir samstarfið, fyrir hönd starfsmanna þess.

Þinginu var slitið kl. 13.32, þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.

## Viðauki 1 - Félög og fjöldi þingfulltrúa þeirra

	Samtals keppnisskírtein i 2023	Fjöldi atkvæða/fulltrúa á ársþingi 2024
Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar	437	4
Akstursípróttafélag Suðurnesja	54	3
Akstursípróttafélagið START	25	1
Akstursípróttanefnd Heklu	22	1
Bifreiðaípróttaklúbbur Reykjavíkur	107	4
Bílaklúbbur Akureyrar	220	4
Bílaklúbbur Hafnarfjarðar	0	0
Bílaklúbbur Skagafjarðar	2	1
Kvartmíluklúbburinn	223	4
Stimpill Akstursípróttafélag	3	1
Torfæruklúbbur Suðurlands	83	3
Samtals	<b>1.176</b>	<b>26</b>

## Viðauki 2 - Nafnaskrá

### Fulltrúar á kjörbréfum:

Tryggvi M Þórðarsson	BÍKR / AKÍS	Halldór V Hauksson	BA / AKÍS
Aðalsteinn Símonarson	BÍKR / AKÍS	Hrefna Björnsdóttir	BA
Jón Þór Jónsson	BÍKR / AKÍS	Jónas Freyr Sigurbjörnsson	BA
Kolbrún Vignisdóttir	BiKR	Ottó Páll Arnarson	BA
Kári Rafn Þorgbergsson	Hekla	Linda Dögg Jóhannsdóttir	AÍH
Garðar Gunnarsson	AÍFS	Heiða Karen Fylkisdóttir	AÍH
Baldur Haraldsson	BS	Guðmundur Örn Þorsteinsson	AÍH
Aron Óskarsson	Start	Elfar Jónsson	AÍH
Tryggvi Magnús Ragnarsson	Stimpill	Baldvin Hansson	KK
Heiða Björg Jónasdóttir	TK	Ingólfur Arnarson	KK
Páll Jónsson	TK	Baldur Gíslason	KK
Sighvatur Fannar Nathanaelsson	TK	Gunnlaugur Jónsson	KK

### Auk þess sátu þingið:

Sigurður Ingi Sigurðson	TK / AKÍS
Helga Katrín Stefánsdóttir	AKÍS
Halldór Jóhannsson	AKÍS